

## REGLUGERÐ

**um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993  
um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1. - 7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 2001 að telja um 6,6% frá því sem þau voru í ágúst 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr. sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. ágúst 2001.*

**Jón Kristjánsson.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*

15. ágúst 2001

Nr. 645

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015,  
Reykjahlíð við Þjóðveg 87, Skútustaðahreppi.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin tekur til svæðis fyrir blandaða landnotkun opinberra stofnana, verslunar og þjónustu austan Þjóðveg 87 og sunnan við Hlíðaveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2001.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*